

STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN

Tónlistarskólans í Fellabæ

Starfsþróunaráætlun er gerð með það að markmiði:

Að hlúa sem best að kennurum skólans og um leið að tryggja það að þeir hafi aðgang að símenntun sem nýtist þeim sem best í þeirra starfi.

Að kennarar taki þátt í þingum/námskeiðum/masterclössum sem koma þeim og skólanum til góðs.

Að koma í veg fyrir stöðnun og stuðla að framþróun.

Huga að líðan og andlegri heilsu kennara, huga að þörfum þeirra bæði í starfi og utan þess, til að koma í veg fyrir kulnun eða aðra vanlíðan sem gæti fylgt starfinu.

- Fá fagaðila til skólans með námskeið/masterclass.

Fá aðila til okkar með ýmis námskeið sem nýtast muni öllum kennurum. T.d. í spuna, sem mikið er lagt upp með í námskrá, hljóðfæranámskeið og annað það er þykir áhugavert og muni gagnast kennurum í starfi sínu.

- Símenntunarferðir annað hvert ár. (150 klst til símenntunar samkv skjarasamni)

Í kjarasamningum er lagt til að símenntun sé um 150 tímar ár hvert, því leggjum við til að það skuli farið í endurmenntunarferðir á tveggja ára fresti, sem helst allir kennarar fari í eigi þeir þess kost, hvort heldur er innan-eða utanlands til að mæta þessum kröfum.

- Einstaklingsmiðuð áætlun, meta nám og menntun hvers einstaklings.

Að menntun og námskeið sem kennarar hafa sótt skuli metin til launa einstaklingsbundið, því ekki eru allir með sömu menntun eða hafa sótt sömu námskeið.

- Skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti.

Það þarf að endurnýja skyndihjálparskírteini á tveggja ára fresti.

- Tryggja að sveitarfélagið styðji fjárhagslega við starfsþróun kennara.

Tryggja að kennarar viti um rétt sinn til að sækja um menntunarstyrki til sveitarfélagsins og tryggja gott aðgengi að þeim.

- Nýta aðgang að styrkjum stéttarféлага.

Upplýsa kennara um rétt þeirra til umsókna styrkja hjá stéttarfélögum og hjá Múlapingi.

- Tónlistarskólinn greiði fyrir, vilji kennari taka stigs-eða áfangapróf.

Vilji kennari taka stigs-eða áfangapróf skuli skólinn greiða fyrir þau og að kennari fái afslátt af tónlistarnámi við skólann.

- Að öll aðstaða sem kennarar nota sé aðgengileg og heilsusamleg.

Tryggja að aðstaða sé alltaf sú besta sem völ er á og passa upp að hún sé ekki skaðleg heilsu kennara og annars starfsfólks, svo sem t.d. vegna myglu, raka og annars þess sem gæti haft áhrif á heilsuna.

- Að tölvur og búnaður tengdur þeim sé alltaf sem bestur í samræmi við kröfur hverju sinni og að net tengingar séu ávallt í góðu lagi.

- Skyldumæting sé á haustþing tónlistarkennara og starfsdaga þar sem skipulögð dagskrá fyrir tónlistarkennara er.

Að skylda sé að sækja haustþing og starfsdaga til að fylgjast með framþróun og ekki síst að hitta aðra kennara í sömu stétt, nema ef gildar og góðar ástæður séu fyrir öðru.

Uppfært í ágúst 2025 af skólastjóra.